



Fréttabréf

Sölufélags Austur Húsvetninga

2. tölublað 26. árgangur. – júlí 2005

AUGLÝSING

um vatnsléttingu kindakjöts
vegna innvigtunar í
sláturhúsum.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur
að fengnum tillögum
Markaðsráðs kindakjöts,
ákveðið að vatnslétting
kindakjöts vegna innvigtunar
í sláturhúsum verði 2,2% frá
15. júlí 2005.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett í
samræmi við 7. gr. reglugerðar
nr. 484/1998 um gæðamat,
flokkun og merkingar
sláturafurða.

Landbúnaðarráðuneytinu,

7. júlí 2005.



Horft til sjávar í átt að Sæbóli við Önundarfjörð

Útflutningur

Staðfest hefur verið að
útflutningsskylda dilkakjöts
verður 18% þegar hún
verður hæst. Þrepun
útflutningsskyldunnar kemur
fram í töflunni hér til hliðar.
Stjórn SAH hefur ákveðið að
greiddar verði 199 kr. kg.
fyrir dilkakjöt í útflutning.
Einnig hefur verið ákveðið að
greiða 90 kr. stk. fyrir
dilkaslátur, en ekki er greitt
fyrir slátur af fullorðnu fé.

Sumarslátrun

Sumarslátrun stendur fram
til 16. september. Niður-
jöfnun sláturfjár hefst þann

19. september. Bændur eru
hvattir til að panta slátrun
sem fyrst og tryggja sér

þannig sláturdaga í
sumarslátrun, því þar ræður
röð pantana.

Sláturvika	Álag SAH	Útflutnings- skylda	Álag Markaðsráðs
30 (25. — 29. júlí)	20% á haustverð	6%	950 kr. dilk
31 (1. — 5. ágúst)	20% á haustverð	6%	850 kr. dilk
32 (8. — 12. ágúst)	20% á haustverð	6%	750 kr. dilk
33 (15. — 19. ágúst)	17% á haustverð	6%	550 kr. dilk
34 (22. — 26. ágúst)	14% á haustverð	6%	425 kr. dilk
35 (29. ág. — 2. sept.)	12% á haustverð	6%	225 kr. dilk
36 (5. — 9. sept.)	10% á haustverð	12%	125 kr. dilk
37 (12. — 16. sept.)	7% á haustverð	12%	

Verð sauðfjárafurða

Landssamtök sauðfjárbænda birtu nýlega viðmiðunarverðskrá fyrir sauðfjárafurðir. Verðskráin felur í sér um 11% hækkun á dilkakjöti frá verði því sem sláturleyfishafar greiddu almennt á síðasta hausti, auk þess sem verð fyrir ærkjöt hækkar um 20%. Á stjórnarfundum SAH sem haldinn var þann 12. júlí var samþykkt að verðhækkun SAH á dilkakjöti verði ríflega 11% á milli ára og verðhækkun ærkjöts verði um 20%.

Gera má ráð fyrir að þetta jafngildi um 21% hækkun á verðmæti dilkakjöts á þessu hausti miðað við síðasta haust. Telja verður að þarna sé um að ræða stórt skref í rétta átt fyrir sauðfjárbændur, skref sem er bæði verðskuldað og nauðsynlegt. Hafa ber í huga að skref þetta hefði verið ómögulegt að taka ef ekki hefði komið til há útflutningsskylda á síðasta ári, sem skilað hefur jafnvægi á kjötmarkaði og þar með sóknarfærum.

Það verð sem hér er kynnt gildir frá og með 12. júlí. Álagsgreiðslur vegna sumarslátrunar koma ofan á þetta verð.

Ef þetta verð er borið saman við viðmiðunarverðskrá LS, sést að SAH greiðir hærra verð fyrir bestu flokka dilkakjöts en lægra verð fyrir lakari og feitari flokka. Þetta skilar bændum hærra heildarverðmæti heldur en viðmiðunarverð LS hefði skilað eða sem nemur 0.3% miðað við flokkun SAH síðastliðið haust.

Greiðslur

Slátrun í ágúst verður greidd þann 12. september og slátrun í vikum 36 og 37 verður greidd í lok september.

Stefnt er að því að greiða 75% af innanlandskjöti um mánaðarmótin október — nóvember og 25% í lok nóvember.

Fullnaðargreiðsla fyrir útflutning fer fram fyrir áramót, sem er mikil breyting frá því sem verið hefur undanfarin ár. Nánari upplýsingar um dagsetningar verða birtar í fréttabréfi í ágúst.

Flutningur

Stjórn SAH hefur ákveðið að birta ekki samning við bílstjóra um flutninga sauðfjár, enda er innihald samningsins trúnaðarmál samningsaðila. Sama gildir um nær alla aðra samninga sem gerðir eru í nafni félagsins, enda tryggir það best hagsmuni allra félagsmanna.

Vegna hagstæðra samninga um flutninga verður flutningsgjald það sama og í fyrra eða kr. 8,60 á kg.

	1	2	3-	3	3+	4	5
DE	339	339	323	323	294	220	190
DU	339	339	323	323	294	220	190
DR	311	323	303	303	254	180	180
DO	278	309	259	259	246	180	180
DP	240	240	235	235	235	170	170
VP	65						
VR				226			
VHR				68		45	
VHP	81						
FR				82		36	
FP	36						